

70. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

70. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn í húsi ÍSÍ í Laugardal 14. september 2016 og hófst kl. 12.00.
Mætt voru: Borghildur Erlingsdóttir, Ása Ólafsdóttir og Gry Ek. Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. ÍM í réttstöðulyftu

ÍM í réttstöðulyftu fór fram á Patreksfirði um síðustu helgi og flutti Ása munnlega skýrslu af mótinu. Þetta er fyrsta mót Kraftlyftingadeildar Harðar og fór mótið að mörgu leyti vel fram. Svo virðist sem farið hafi verið gegn 5. og 8. grein reglna um kraftlyftingakeppni. Ef rétt reynist harmar stjórn að slíkt skyldi setja mark sitt á annars ágætt mótshald. Von er á skýrslu frá dómurum mótsins um atvikið og mun stjórn taka ákvörðun um viðbrögð í kjölfarið.

Ása tekur að sér að kalla eftir skýrslu dómara.

3. Landsliðslágmörk og ferli við val í landslið.

Gry lagði fram tillögu landsliðsnefndar að lágmörkum fyrir næsta keppnistímabil. Byggt er á tillögu Þjálfararáðs. Lögð var fram tillaga að ferli vegna vals í landsliðs. Þar sem fundurinn var fámennur var ákveðið að senda endanlegu tillögurnar í tölvupósti til stjórnarmanna til samþykkis. Í framhaldinu verður unnið samkvæmt þessu skipulagi og lágmörkum.

Gry tekur málið áfram.

4. RIG 2017

Undirbúningur er hafin og hafa nokkrir erlendir keppendur þegar staðfest komu sína. Ákveðið að fela **Alex** að skoða möguleika á fjárstyrkjum. Rætt um hver væri heppilegur fjöldi íslenskra keppenda. Endanleg ákvörðun tekin eftir ÍM í klassískum í október.

5. Mótaskrá 2017

Hefur verið birt, en enn vantar umsóknir mótshaldara, þar sem einungis ein umsókn hefur borist. Stefnt er að því að skipa dómara á mótin fram í tímann og birta um leið og mótaskráin birtist. Þetta verður gert í samvinnu við dómara nefnd.

6. Önnur mál

Vegna anna biður Borghildur **Róbert** að vera fulltrúi stjórnar á fundi með stjórn Massa vegna EM í bekkpressu.

Gry boðar til fundar vegna endurskoðunnar á landsliðssamningum 2017

Fleira var ekki rætt. Fundi lauk 13.30

Fundaritari Gry Ek